



HKLI2GB03C

Hársnyrting 3

Kennsluáætlun – Haustönn 2021

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Nemandinn fær þjálfun í að blanda saman mismunandi formum við klippingu á dömu og herra æfingahöfðum og á módelum. Þekking og beiting mismunandi aðferða við þynningu er aukin, einnig notkun klippivéla. Nemandinn lærir að greina klippingar út frá myndum og gera verklýsingar fyrir þær. Í áfanganum er lögð rík áhersla á gerð og nýtingu verklýsinga við klippingar.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- flestum hugtökum sem tengjast klippingum.
- formi klippinga út frá myndum.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- klippa snögg með vél og skærum.
- þynna hár með hníf og þynningarskærum.
- klippa formklippingu á æfingahöfði og módeli samkvæmt kennslukerfi.
- klippa dömu- og herraklippingar samkvæmt eigin verklýsingu á æfingahöfði og módeli.

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- klippa eftir fyrirmynd.
- sjá út form klippinga eftir myndum.
- gera verklýsingu fyrir klippingu sem aðrir geta farið eftir.
- geta þynnt niður í hnakka með vél og ólíkum kömbum.
- geta séð fyrir sér lokaútkomu á klippingu með tilliti til andlitsfalls og hárgerðar

Námsmat Símat